



**Better
Business**
World Wide

Fréttatilkynning

Gerum góða gistingu betri - gæðaátak hjá Ferðapjónustu bænda



Myndin: Á myndinni eru hjónin Sigurbjörn og Laufey frá Smyrlabjörgum búin að taka við viðurkenningu frá Bjarna hjá Better Business og Berglindi frá Ferðapjónustu bænda.

Á síðasta ári réðst Ferðapjónusta bænda í 3ja ára verkefni á sviði gæðamála í samstarfi við fyrirtækið Better Business. Markmið verkefnisins er að gera stöðumat á aðbúnaði og þjónustu hjá félögum innan Ferðapjónustu bænda út frá sjónarhorni gesta, þrjú ár í röð. Um er að ræða svokallaðar hulduheimsóknir sem geta gefið okkur verðmætar upplýsingar sem miða að því að styrkja stöðu samtakanna á sviði gæðamála og auka samkeppnishæfni félagsmanna.

AB Better Business World Wide

Vargmötesvägen 4, SE-186 30 Vallentuna, Sweden, Tel +46 8 5118 5110, Fax +46 8 5118 5120
info@betterbusiness.se, www.betterbusiness.se



Alls tóku 22 félagar í Ferðapjónustu bænda þátt í verkefninu síðastliðið sumar og voru niðurstöðurnar kynntar á Uppskeruhátíð ferðapjónustubænda sem haldin var í nóvember síðastliðinn. Það var mjög fróðlegt að sjá umsagnir gesta og einkunnargjöf þeirra fyrir einstaka þætti en þar var bæði að finna hrós og ábendingar um það sem betur mátti fara.

Fimm bæjum voru veitt sérstök viðurkenningarskjöl fyrir góðan árangur en þeir fengu heildareinkunn yfir 8,5 og telst það vera mjög vel af sér vikið. Þessir bæir eru Heydalur í Mjóafirði, Engimýri í Öxnadal, Brunnhóll á Mýrum, Hótel Hellnar á Snæfellsnesi og Smyrlabjörg í Suðursveit. Þessi frammistaða mun eflaust hvetja rekstraraðilana áfram við að halda áfram á sömu braut og verða öðrum hvatning til að gera betur.

Annað verkefni sem var í gangi á síðasta ári miðað að því að fjölga umhverfisvottuðum fyrirtækjum innan Ferðapjónustu bænda. Árangur þess hefur verið að koma í ljós undanfarna mánuði því nú hefur Green Globe vottuðum fyrirtækjum á vegum Ferðapjónustu bænda fjölgað úr þremur í sjö, auk þess sem eitt fyrirtæki til viðbótar uppfyllir viðmið Green Globe og bíður nú eftir staðfestingu um vottun. Í dag eru eftirfarandi fyrirtæki Green Globe vottuð: Hótel Hellnar, Hótel Anna, Brunnhóll á Mýrum, Ferðapjónustan Hjalli í Kjós, Heydalur í Mjóafirði, Gauksmýri í Húnaþingi auk þess sem skrifstofa Ferðapjónusta bænda er einnig vottuð. Það er svo Geirland á Síðu sem bíður eftir að fá staðfestingu á vottun.